

13. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 35 1. febrúar 1936, um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 35, 1. febrúar 1936, verði svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs gefi út handhafaskuldabréf að upphæð allt að 1½ milljón kr. og teljast þau til skuldabréfaflokks þess, er í 8. gr. segir, sem þannig má verða allt að 3 milljónum kr. að upphæð.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum er sú sama og segir í 8. gr.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. janúar 1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsu- hæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánar- drottnum eða skuldareigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er, og ekki tryggð með fasteignarveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upp- haflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. janúar 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir á sama hátt og skuldabréf, sem gefin eru út samkvæmt lögum nr. 78 19. júní 1933.

Um gerð og fjárhæð skuldabréfa þeirra, sem ræðir um í þessari grein, gilda ákvæði 8. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár- innar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 35 1. febrúar 1936, um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnuáráðherra Vor hefir tjáð oss, að við fram- kvæmd laga nr. 35 1. febrúar 1936, hafi komið í ljós, að nauðsynlegt sé að gera breytingu á I. kafla laganna, til þess að þau nái tilgangi sínum.

Þegar lög þessi voru til meðferðar á Alþingi, var gert ráð fyrir, að af hand- hafaskuldabréfum þeim, sem gefa mátti út samkvæmt lögum nr. 78 19. júní 1933, mundi verða afgangur allt að 1½ milljón kr., þegar lánveitingum eftir þeim lögum væri lokið. Þessa fjárhæð, allt að 1½ milljón kr., var tilætlan laga nr. 35 1. febrúar 1936, að láta ganga til lánveitinga handa hreppsfélögum lands- ins, eftir þeim nánari reglum, sem löggin skilja til. En nú er það komið í ljós, að af útgáfuheimild skuldabréfa eftir lögum nr. 78 19. júní 1933, er ekki ó- notað nema tæplega 40000 kr., eða rúmlega 1 milljón kr. minna en ráðgert var

á Alþingi og stafar þetta af því, að er lög nr. 35, 1. febrúar 1936, voru afgreidd, var ekki tekið tillit til $\frac{1}{2}$ milljón kr. bréfaútgáfu samkvæmt lögum nr. 16, 1. febrúar 1936, en þessi tvö lög voru samtímis til meðferðar á Alþingi. Ekki var heldur tekið tillit til þess, að lánsheimild sú, sem felst í lögum nr. 78 19. júní 1933, hefir ekki verið notuð nema að nokkru leyti og munar það 5—6 hundruð þúsund krónum.

Það er auðsætt, að eftir þeim lánbeiðnum hreppsfélaga, sem liggja fyrir, er ekki án lagabreytingar hægt að hlaupa undir bagga með sveitarsjóðunum á þann hátt, sem tilætlunin var með lögum nr. 35 1. febrúar 1936. Og til þess að þessari fyrirætlun verði náð, virðist ekki annað tiltækilegt en að hækka útgáfuheimild handhafaskuldabréfa í allt að $1\frac{1}{2}$ milljón kr. Þótt þetta sé gert, verður ekki meira fé notað í framannefndu skyni en ráðgert var á Alþingi og ábyrgð ríkissjóðs verður hin sama.

Þar sem svo stendur á, sem að framan er greint, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því hjóðum Vér og skipum:

1. gr.

1. gr. laga nr. 35 1. febrúar 1936, verði svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs gefi út handhafaskuldabréf að upphæð allt að $1\frac{1}{2}$ milljón kr. og teljast þau til skuldabréfa-flokks þess, er í 8. gr. segir, sem þannig má verða allt að 3 milljón kr. að upphæð.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum er sú sama og segir í 8. gr.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. janúar 1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsu-hæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánar-drottnum eða skuldareigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er, og ekki tryggt með fasteignarveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. janúar 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir á sama hátt og skuldabréf, sem gefin eru út samkvæmt lögum nr. 78, 19. júní 1933.

Um gerð og fjárhæð skuldabréfa þeirra, sem ræðir um í þessari grein, gilda ákvæði 8. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. október 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.